



**Fundur í stjórn Strætó bs.  
Föstudaginn 10. maí 2013, kl. 08.00**

**Haldinn að Pönglabakka 4 (Mjódd)**

### **Fundargerð**

Mætt eru: Einar Örn Benediktsson, Gunnar I Birgisson, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Sturla Þorsteinsson. Viðstaddir voru einnig Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri og Einar Kristjánsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Bryndís Haraldsdóttir

1. Sameiginlegt útboð á ytri endurskoðun Reykjavíkurborgar og byggðasamlaganna

Stjórn Strætó bs. samþykkir að taka þátt í sameiginlegu útboði samstæðu Reykjavíkurborgar á endurskoðunarþjónustu með það að markmiði að auka gæði og öryggi endurskoðunarþjónustu félagsins enn frekar og lækka kostnað. Fari svo að Strætó bs. verði fyrir kostnaðarauka vegna útboðsins en samstæða Reykjavíkurborgar hljóti að sama skapi ábata af því telur stjórnin eðlilegt að Strætó bs. óski eftir viðbótarframlagi frá Reykjavíkurborg vegna þess kostnaðarauka

2. Erindi frá Magnúsi H. Magnússyni hrl.

Stjórn Strætó bs. færir til bókar eftirfarandi og lítur á að um sé að ræða endanlega afgreiðslu stjórnar á ofangreindu máli:

- 1) Stjórn Strætó bs. fellst ekki á kröfu lögmannsins, f.h. umbj. hans, um að ákvörðun starfsmanna Strætó bs. hinn 07/01/2013 þess efnis að neita að taka við framboðinni greiðslu fargjalds af Söru Kristjánsdóttur og að vísa henni, í kjölfarið, úr vagninum verði lýst ólöglegt.
- 2) Stjórn Strætó bs. tekur undir sjónarmið farþegaþjónustusviðs fyrirtækisins í þessum efnum, sbr. m.a. minnisblað sviðsstjóra farþegaþjónustusviðs til stjórnar frá 8. apríl 2013.
- 3) Stjórn Strætó bs. felur farþegaþjónustusviði að setja eftirfarandi texta inn á heimasíðu fyrirtækisins:

**Greiðsla fargjalds**

S.P.  
S.B.  
S.P.  
S.P.



*Farþegar bera ávallt ábyrgð á því að vera með gilt og rétt fargjald til greiðslu í Strætó.*

*Vagnstjórum ber að innheimta fargjöld frá farþegum, ásamt því að fylgjast með hvort fargaldið er gilt.*

*Ef farþegi verður uppvís að því að svindla á fargjaldi eða greiðir ekki tilsett fargjald er vagnstjóra heimilt að vísa farþega úr vagninum.*

*Að gefnu tilefni ber að nefna að ef farþegi hefur orðið uppvís að því að hafa rangt við eða svindla með greiðslu fargjalds er vagnstjóra heimilt að vísa viðkomandi út þrátt fyrir að hann bjóðist til að greiða rétt fargjald eftir á.*


- 4) Stjórn Strætó bs. felur framkvæmdastjóra að tilkynna lögmanninum þessi málalok.
3. Fargjaldalausnir  
EÖB fór yfir ýmsa framtíðarmöguleika vegna greiðslulausna í framtíðinni eins og að geta greitt staðgreiðslu með snertilausu kreditkorti og snjallsíma, og að samþætta önnur fargjaldaför við núverandi APP Strætó bs. Samþykkt var að Einar Örn Benediktsson, Gunnar I Birgisson og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Reynir Jónsson, framkvæmdstjór og Einar Kristjánsson, sviðsstjóri, skipi vinnuhóp á vegum stjórnar til að kynna sér þessar lausnir og koma með framtíðartillögu.
4. Vagnakaup Strætó bs.  
Reynir Jónsson upplýsti um stöðu mála. Verið er að fara yfir umsækjendur vegna samningskaupa. Tíu aðilar sendu inn umsókn um að taka þátt í samningskaupum. Valnefndin hittist kl. 10 í dag til að taka ákvörðun um hvaða aðilar hafi uppfyllt skilyrðin. Stjórninni verður send niðurstaðan í tölvupósti þegar ákvörðun liggur fyrir.
5. Samgöngukort til fyrirtækja  
Stjórnin ræddi um stærðarkröfu fyrirtækja vegna Samgöngukorta. EÖB gerði tillögum að að engu fyrirtæki verði vísað frá vegna stærðar. Þó verður áframhaldandi krafa um að fyrirtækið geri samgöngustefnu. Stjórn Strætó bs. samþykkti tillöguna.
6. Umhverfismál og losun gróðurhúsalofttegunda  
Reynir Jónsson fór yfir nýja umhverfisvæna díselolíu sem Olís hefur kynnt fyrir Strætó bs. Núverandi meðhöndlun hefur engin áhrif á lítraverð, eykur ekki eldsneytiseyðslu en dregur hinsvegar úr koltvísýringsútblæstri og losun gróðurhúsalofttegunda um 5%. Strætó býðst að kaupa VLO lífeldsneyti frá Olís í auknu íblöndunarhlutfalli en almennt gerist og getur þannig dregið enn frekar úr mengun akstursflotans. Í dag er íblöndunin 8,12%, sem eins og áður sagði veldur 5% minni mengun. Með 30% íblöndunarhlutfalli væri hægt að draga 21% úr koltvísýringsútblæstri og losun gróðurhúsalofttegunda. Stjórn Strætó bs. samþykkir að byrja með íblöndunarhlutfall sem er 15% og er áætlað að heildarkostnaður verði um 6,1 milljón kr. miðað við árið.

*Handwritten signatures and initials in blue ink.*

Stjórnin samþykkir einnig huga að því að vinna að því að fá 21% íblöndunarhlutfall unnið inn í fjárhagsáætlun næsta árs.

7. Erindi frá Reykjavík vegna Lestrarhátíðar  
Stjórnin samþykkir þessa beiðni og vísan henni til framkvæmdar hjá framkvæmdastjóra.
8. Leikskólar - samstarf og ferli  
Stjórn var upplýst um nýjan verkferil sem Skóla- og frístundaviðs Reykjavíkurborgar hefur tekið upp. Stjórnin óskar eftir því að önnur aðildarsveitafélög taki þessa verkferla upp.
9. Fundir stjórnar í sumar  
Sbr. nýrri eigendastefnu þurfa fyrstu drög fyrir fjárhagsáætlun næsta árs að vera tilbúin um miðjan ágúst og sveitafélögin þurfa að samþykka fjárhagsáætlun fyrir lok september.  
Samþykkt að stjórn taki sumarfrí í júlí. Fundir verða:  
21. júní 2013 – Hefðbundinn fundur.  
7. ágúst 2013 – Fyrsti vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar.  
9. ágúst 2013 – Annar vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar.
10. Önnur mál  
GIB óskar eftir því að farþegatölur verði kynntar frá 1. september 2012 til 30. apríl 2013. Einnig er óskað eftir upplýsingum um rekstrarframlag ríkisins á sama tíma.

Fundi slitið kl. 9.38

  
Sigurður Björn Jónsson  
Edda Jónsdóttir  
Sogin Edda Jónsd  
Súla Þorsteinsdóttir